

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2016, þriðjudaginn 16. febrúar, var haldinn 121. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Elísabet Ólöf Helgadóttir, Sigþór K. Ágústsson, Aðalheiður Frantzdóttir og Bergþór Heimir Þórðarson. Einnig voru mætt áheyrnarfulltrúarnir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir Framsókn og flugvallarvini, Elínborg Guðnadóttir frá Ungmennaráði Breiðholts og Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Umræða um Íþróttir, frístundir og heilsueflingu í Breiðholti. Sagt frá innleiðingu Heilsueflandi Breiðholts í hverfinu. Rætt um nýtingu frístundakorts í Breiðholti.
 - Þórgnýr Thoroddsen, Eva Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gísladóttir tóku sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Styrkumsókn frá sundfélaginu Ægi til Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar vegna mögulegs námskeiðshalds í Ölduselslaug lögð fram til kynningar. Formaður lagði fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Breiðholts mælir með því við Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkurborgar að það styrki sundfélagið Ægi um kr. 650.000 til að mæta fyrirhuguðum kostnaði vegna sumarsundskóla Ægis í Ölduselslaug. Hverfisráð Breiðholts hefur undirritað yfirlýsingu um Heilsueflandi Breiðholt og með því tekið skýra stefnu um að efla hreyfingu og heilsueflingu meðal íbúa í hverfinu. Hverfisráð hefur einnig lagt fram stefnumið þar sem horft er til þess að efla notkun frístundakortsins meðal barna í hverfinu. Við teljum það því okkar hlutverk að styðja við félag á borð við Ægi og þeirra góða vilja til samstarfs í hverfinu með styrkveitingu frá Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkurborgar.

Samþykkt.

3. Greinargerðir frá þremur styrkþegum hverfisráðs Breiðholts; hverfagæslu í Breiðholti, Bedroom Community og Leiknisljónum, fyrir árið 2015 lagðar fram til kynningar.
4. Rætt um biðlista eftir greiningum á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Samþykkt að fresta frekari umræðu til næsta fundar. Samþykkt að bjóða deildarstjóra skólaþjónustu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts á næsta fund ráðsins til að kynna og ræða Breiðholtslíkanið.
5. Lögð fram drög að auglýsingu um styrki hverfisráðs fyrir árið 2016. Samþykkt að afgreiða málið í tölvupósti.
6. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram eftirfarandi bókun:
Ítrekaðar eru fyrri bókanir og beiðnir um kynningarfund fyrir íbúa í Árskógum 6-8 varðandi breytingar á deiliskipulagi fyrir Suður-Mjódd.
7. Rætt um skýrslu Unicef um fátækt barna og nýtingu hennar í Breiðholti. Hverfisstjóri tekur málið til skoðunar.

Fundi slitið kl. 18.15.

Sigþór K. Ágústsson
Aðalheiður Frantzdóttir

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Bergþór Heimir Þórðarson